

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 10.2.2022
UST202201-128/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir fiskeldi á iðnaðarsvæði i6 í Grindavík

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á fiskeldi á iðnaðarsvæði i6 í Grindavík.

Í greinargerð kemur fram að landsvæði i5 er í uppbyggingu fyrir fiskeldi og á i6 hefur verið starfrækt fiskeldi um langt skeið. Mannvirkin á lóð eru stálgrindahús með álklaðningu, sem og hús yfir eldiskerjum og tæknirými fyrir rafstöð. Nýir byggingarreitir eru skilgreindir fyrir bættan húsakost og fiskeldisker en núverandi ker eru gömul og takmarkandi í nútíma eldisfæði.

Umhverfisstofnun telur að það vanti nokkuð upp á umfjöllun um forsendur tillögunnar, framtíðaráform, framleiðslu, meðhöndlun á úrgangi, fráveitumál, vatnstöku og ásjúnd.

Framleiðsla

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að gerð sé betur grein fyrir starfseminni og framtíðaruppbyggingu í greinargerð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvers konar framleiðsla og framleiðslumagn á sér stað á skipulagssvæðinu í dag og fjallað sé nánar um framtíðaráform, en tillagan gerir ráð fyrir m.a. fjölgun byggingarreita og setþró.

Þynningarsvæði

Í greinargerð kemur fram að *starfsleyfi gefin út af Umhverfisstofnun skilgreinir mörk mengunar og þynningarsvæðis*. Umhverfisstofnun bendir á að réttara er að nota orðið viðtaki þegar fjallað er um fráveitumál.

Mörk

Umhverfisstofnun telur óljóst hvort afmörkun deiliskipulagssvæðisins (i6) sé í samræmi við gildandi aðalskipulag. Umhverfisstofnun telur að deiliskipulagsmörkin nái einnig inn á óbyggt svæði og frístundasvæði (F3).

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun telur að afmörkun á svæði á náttúruminjaskrá sé ekki í samræmi við uppdrátt gildandi aðalskipulags og kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands sem sýnir afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá.¹

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um meðhöndlun úrgangs í tillögunni í samræmi við núverandi starfsemi og framtíðar uppbyggingu á skipulagssvæðinu, s.s. úrgang sem fellur til við slátrun og vinnslu fisksins og fiskur sem drepst á eldistímanum. Auk þess er mikilvægt að fjallað sé um meðhöndlun úrgangs frá fyrirhuguðum settjörnum og öðrum hreinsivirkjum,

Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsröðun meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, en fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fódurleifa.

Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennslis í stað þess að farga því með urðun.²

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að fráveita frá núverandi fiskeldisstarfsemi er lögð út í sjó, frá skipulagssvæði i5, liggur í gegnum lóð i6 og sameinast í útrás og fráveita frá Svartsengi liggur um skipulagssvæðið og út í sjó. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fráveitulögn frá Svartsengi sé sýnd á uppdrætti.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um stöðu fráveitumála í dag, magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

Í greinargerð er fjallað um áhrif frárennslis frá fiskeldi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif alls frárennslis innan skipulagssvæðisins.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefnan er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Vatnstaka

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um grunnvatnshlotið í tillögunni og það komi fram hver vatnstakan sé í dag og áætluð framtíðar vatnstaka.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar er grunnvatnshlotið Reykjanes sem hefur vatnshlotanúmerið 104-263-G.

¹ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

² https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf

Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hugsanlegt er að jarðsjótaka geti haft áhrif á magnstöðu, en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur á grunnvatnshlot. Eins og kemur fram í greinargerð þá er sjótaka leyfis skyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunar skv. 6. gr laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en mat á því hvort jarðsjótaka hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Mænishæð og kvaðir

Í greinargerð kemur fram að byggingar á svæðinu verði lágreistar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um og settir séu skilmálar um hæð bygginga og útlit þeirra og fjölda bílastæða í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013.³

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð segir að ekkert nútímahraun sé á lóðinni, en síðar segir í greinargerð að landslag á deiliskipulagssvæðinu og næsta nágrenni sé nokkuð flatt og gróið hraun.

Umhverfisstofnun bendir á að nútímahraun fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og hægt er að sjá útbreiðslu þess á kortasjá NÍ.⁴

Auk þess eru leirur og tjarnir innan skipulagssvæðisins sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem mikilvægt er að nefna í greinargerð tillögunnar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruþyrmbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunnar á ofangreind vistkerfi og jarðminjar.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé

³ <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/efir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/18558>

⁴ <https://serstokvernd.ni.is/>

til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Tjarnir og sjótaka

Á uppdrætti nær afmörkun á sjótöku inn á tjörn sem nefnist Gerðavallabrunnar. Umhverfisstofnun bendir á að tjörnin fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og telur stofnunin að framkvæmdir í og við tjörnina geti hafa neikvæð áhrif á hana. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdin og vatnstaka raski ekki tjöninni.

Girðingar

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur